

**MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI
ÍSLAND (náttúra) ÍSI – 2A130NÁT
VORÖNN 2012**

Námsáætlun

Bekkir: 1A, 1B, 1C, 1D, 1I

Kennarar: Arna Einarsdóttir arna@ma.is, Einar Sigtryggsson einar@ma.is, Guðný Guðmundsdóttir gudny@ma.is, Gunnhildur Ottósdóttir gott@ma.is, Jónas Helgason jonas@ma.is, Sverrir Páll Erlendsson svp@ma.is

Áfangalýsing:

ÍSI – 2A130NÁT er áfangi á fyrsta ári. Honum er ætlað að skerpa sýn og auka skilning nemenda á landi sínu, þjóð og tungu. Nemendur kynna sér jarðfræði og lífríki Íslands á völdum landsvæðum eða tímabilum. Einnig verður lögð áhersla á umgengni okkar og ábyrgð á lífríki og náttúru. Unnin verða nokkur einstaklingsverkefni samhliða stærri hópverkefnum sem ýmist eru tengd, jarðfræði, líffræði, íslensku eða öllum greinum jafnt. Upplýsingatækni er hluti af öllum verkefnum. Farin verður vettvangsferð í Mývatnssveit. Nemendur gera vikulega yfirlit yfir vinnu sína og skrá á Moodle. Nemendur þjálfast í að vinna með fjölbreyttar heimildir og texta af ýmsu tagi og að koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

Markmið áfangans:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu grunnhugtökum jarð- og líffræði
- helstu fuglum og spendýrum og sjávarlífverum
- gróðurfari landsins
- helstu sjúkdómum og snikjudýrum sem þrífist hafa með fólki og dýrum í gegnum aldirnar
- vistkerfi manna og dýra
- þeim nátturuöflum sem mótað hafa landið frá myndun þess
- áhrif náttúruhamfara á lífsskilyrði fólks, dýra og gróðurs
- áhrif mannsins á lífsskilyrði sín og annarra lífvera

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og skilja texta, myndrit og kort af ýmsu tagi
- koma fram fyrir aðra og tala máli sínu á skýran og greinargóðan hátt
- skrifa vandaðan texta samkvæmt reglum íslensks máls
- afla sér upplýsinga sem tengjast efni áfangans með viðeigandi aðferðum (geti nýtt sér bóksöfn og upplýsingaveitur á vef, viðtöl o.fl.)
- skilja samspil manns og náttúru fyrr og síðar.
- vinna með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni (hæfni) sem hann hefur aflað sér til að:

- sýna hugkvæmni við lausn verkefna og vera fær um að meta hvaða aðferð hentar hverju sinni
- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýna ábyrgð gagnvart náminu og skólanum
- meta upplýsingar og vinna með þær á þann hátt að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms, m.a. við ritun heimildaritgerða, glærुकynninga og annarra verkefna
- greina stöðu sína í því umhverfi sem hann lifir og hrærist í, bæði samfélaginu og náttúrulegu umhverfi

Tímaáætlun:

<i>Vika:</i>	<i>Viðfangsefni í grófum dráttum:</i>
1. vika (1.-10. feb.)	Kynning á áfanganum
2. vika (6.-10. feb.)	Kennsla og verkefni tengd jarðfræði og íslensku
3. - 4. vika (13.-24. feb.)	Landshlutar I, náttúra valinna landshluta, jarðsaga eldvirkni
5. vika (27. feb.-2. mars)	Kennsla og verkefni tengd líffræði og íslensku
6. - 7. vika (5.-16. mars)	Landshlutar II, náttúra valinna landshluta, líffræði, vistfræði
8. - 9. vika (19.-30. mars)	Kennsla og verkefni tengd jarðfræði, líffræði og íslensku
10. - 12. vika (11.-27. apr.)	Hörmungar í náttúrunni og vistkerfinu með áherslu á Ísland
13. - 14. vika (3. apr.-11. maí)	Auðlindir og umhverfismál
15. - 16. vika (14.-23. maí)	Mývatnsferð og verkefni henni tengd

Námsmat:

Námsmat verður með ýmsum hætti, munnlegt, skriflegt, lokið/ólókið, allt eftir hvað hentar best.

Á föstudögum skal hver nemandi skila vinnuskýrslu á Moodle. Þar skal vera stutt umsögn um vinnu vikunnar, t.d. gengi, samvinnu hópsins og það sem betur má fara.

Lokaverkefni í annarlök verður tvískipt, annars vegar hópverkefni og hins vegar einstaklingsverkefni. Ekki verður gefin einkunn fyrir þessi verkefni en nemandi þarf að standast kröfur og fær lokið/ólókið. Árangur í lokaverkefni getur haft áhrif á lokaeinkunn.

Nemandi skal standa skil á **öllum** verkefnum áfangans. Skili nemandi undir 95% af skilaskyldum verkefnum annarinnar telst áfanganum ekki lokið. Mikilvægt er að skila verkefnum á tilskildum tíma og vinna jafnt og þétt yfir önnina. Vinnusemi er hluti af því að bera ábyrgð á námi sínu sem er mikilvægt markmið áfangans.

Vægi einstakra verkefna í námsmati:

Einstaklingsverkefni 60%

- líffræði 6%
- jarðfræði 6%
- íslenska 6%
- Mývatnssveitarverkefni 10%
- vinnuskýrsla 8%
- könnun í lok hverrar hópinnulotu 4x5% (20%)
- þemakort 4%

Hópverkefni 40%

- hvert fjögurra verkefna vegur 10%

Námsbækur:

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi **Hagnýt skrif** eftir Gísla Skúlason undir höndum.

Kennsluáætlunin er sett fram með fyrirvara um breytingar.